

61 Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmdir ákvæða þess-
28. jan. arar greinar, eftir því sem þurfa þykir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

62
28. jan.

L Ö G

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa fengið til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Þó er póstmálastjórninni heimilt að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er henni þykir henta, enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, né bifreiðum, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma fleiri en 6 farþega, enda sé umbúnaður þeirra, til öryggis og þæginda farþegum, samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

2. gr.

Póstmálastjórnin hefir með höndum, í samráði við vegamálastjórnina, yfir-
stjórn og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum þeim, sem sérleyfi þarf fyrir.

3. gr.

Sérleyfishafar eiga rétt á að kjósa þrjá menn í nefnd, samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur, er gerir tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Póstmálastjórninni skal skylt að gæta þess í skipulagning flutninga þeirra, er undir hana heyra, að almenningi verði þeir sem kostnaðarminnstir og hagfelldastir, en hinsvegar fari sem minnst fé eða önnur verðmæti forgörðum við þá.

62

28. jan.

5. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

- a. að sérleyfið gildi fyrir 3 ár og sé óframseljanlegt.
- b. að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.

Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.

- c. að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
- d. að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er póstmálastjórn setur.
- e. að póstmálastjórninni sé heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu bifreiðanna samkvæmt taxta, er hún setur.
- f. að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis, eftir reglum, er póstmálastjórn setur.
- g. að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er rúma fleiri en 6 farþega samkvæmt skoðunarvottorði, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

6. gr.

Nú hafa fleiri en eitt félag eða einstaklingur fengið sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og hefir þá póstmálastjórn heimild til þess að ákveða, með samþykki nefndar þeirrar, er ræðir um í 3. gr., að fargjöldum skuli skipt milli sérleyfishafa eftir tölu sætakílómetra bifreiða þeirra, sem þar eru í förum, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

7. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefir verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

62

28. jan.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lög-reglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkv. þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1935.

Félög og einstaklingar, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en lögin gengu í gildi, ganga fyrir að öðru jöfnu við veitingu sérleyfis á sömu leiðum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

63

28. jan.

L Ö G

um útflutningsgjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að vér samkvæmt 6. gr. laga, dagsettra 9. þ. m., um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald, höfum látið færa lagabreytingarnar inn í meginmál téðra laga frá 1921, og gefur þau út að nýju svo breytt:

1. gr.

Af öllum íslenzku afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í rikissjóð, er nemi 1½% af verði afurðanna.

Til íslenzkra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.